



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2020

2010051SA KB/bg
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála (flutningur póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar) – S-233/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 23. október sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna póstmála.

Tilgangur frumvarpsins er að færa stjórnýslu og eftirlit með póstpjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) til Byggðastofnunar og er frumvarpið samið í samráði við þær stofnanir. Markmiðið er að Byggðastofnun hafi sömu heimildir og skyldur og PFS fyrir tilfærsluna og að áfram verði tryggð hagkvæm, skilvirk og áreiðanleg póstpjónusta um land allt og til og frá landinu. Með nýjum lögum um póstpjónustu sem tóku gildi í upphafi árs var einkaréttur ríkisins á póstmarkaði afnumin auk þess sem löggin höfðu það meginmarkmið að tryggja alþjónustu í pósti um allt land. Er það mat ráðuneytisins að hlutverk ríkisins sé að tryggja að allir landsmenn njóti alþjónustu póstsins sem lýst er í lögum um póstpjónustu og sé því samhljómur með því verkefni og hlutverki Byggðastofnunar sem er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Sambandið tekur undir með ráðuneytinu að eitt mikilvægasta verkefni ríkisins í póstmálum er að tryggja alþjónustu í pósti um allt land því þrátt fyrir að vægi bréfpósts fari minnkandi þá hefur vægi vefverslunar aukist gífurlega og getur öflug alþjónusta í pósti ásamt aukinni vefverslun stutt við búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Í umsögn sambandsins við frumvarp til laga um póstpjónustu, dags. 29. nóvember 2018, lagði sambandið mikla áherslu á að Byggðastofnun yrði falið að greina áhrif skerðingar á póstpjónustu á skilyrði til búsetu og atvinnurekstrar í dreifbýli en ekki var tekið tillit til þeirrar ábendingar. Er því ánægjulegt að sjá nú tillögu að flutningi póstmála til Byggðastofnunar þar sem mikla þekkingu á byggðamálum má finna. Því styður sambandið flutning póstmála frá Póst- og fjarskiptastofnun til Byggðastofnunar.

Sambandið vill einnig minna á lið 11 í þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019-2023 en liður 11 fjallar um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni. Kemur þar fram að markmiðið sé að auka fjölbreytni í atvinnulífi um allt land og bæta forsendur fyrir jöfn tækifæri sveitarfélaga óháð stærð og staðsetningu til sjálfbærs vaxtar. Því eigi að ráðast í átak til að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Er því jákvætt að

sjá fjölgun um tvö stöðugildi hjá Byggðastofnun og vill sambandið hvetja til þess að ríkið auglýsi í auknu mæli störf án staðsetningar á landsbyggðinni. Reynolds ársins 2020 hefur svo sannarlega sýnt fram á að auðvelt er að sinna sérfræðistörfum, sem fara fram við skrifborð, hvar á landinu sem er svo lengi sem til staðar eru fullnægjandi stafrænir innviðir.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri